

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/29/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 92/12/COL frá 13. mars 2012 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/11/COL	1
2012/EES/29/02		Upplýsingar frá EFTA-rikkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) GBER 6/2012/EMP.	6
2012/EES/29/03		Upplýsingar frá EFTA-rikkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) GBER 7/2012/ENV.	8
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/29/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6469 – Tognum/TMH/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	10
2012/EES/29/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6515 – Arrow Electronics/Altimate Group)	11
2012/EES/29/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6517 – The Klesch Group/Arkema's Vinyl Products business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12

2012/EES/29/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6538 – Robert Bosch/SPX Service Solutions Business)	13
2012/EES/29/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6546 – Ericsson/ Technicolor Broadcasting Services) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2012/EES/29/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6559 – EuroChem/ K+S Nitrogen) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2012/EES/29/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6594 – Aegon/ Liberbank/Liberbank Vida) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2012/EES/29/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6603 – Hon Hai/ Sharp/Sharp Display Products)	17
2012/EES/29/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6610 – CVC/ AlixPartners) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2012/EES/29/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6614 – Samsung Electronics/Samsung Mobile Display) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2012/EES/29/14	Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6471 – Outokumpu/Inoxum)	20
2012/EES/29/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6355 – Axel Springer France/Mondadori France/AR Technology)	20
2012/EES/29/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6470 – TE/Deutsch)	21
2012/EES/29/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6504 – Linde/Air Products Homecare)	21
2012/EES/29/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6524 – Sberbank of Russia/BNP Paribas Personal Finance/ BNP Paribas Vostok)	22
2012/EES/29/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6530 – EDF/Edison)	22
2012/EES/29/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6544 – Royal Bank of Canada/RBC Dexia Investor Services Limited)	23
2012/EES/29/21	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer SA.26500 (áður 227/08) – Altenburg-Nobitz-flugvöllur – Aðstoð við Ryanair (kvörtun BDF – Samtaka þýskra flugrekenda) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	23
2012/EES/29/22	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.33963 (12/C) – Angoulême-flugvöllur – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	24

2012/EES/29/23	Leiðrétting á MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/7/12 – Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Sjálfvirkt“ kerfi 2012	24
2012/EES/29/24	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýst eftir tillögum – EACEA/14/12 – Stuðningur við stafvæðingu evrópskra kvikmyndahúsa	25
2012/EES/29/25	Yfirlit um Bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. apríl 2012 til 30. apríl 2012	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/29/01

92/12/COL

frá 13. mars 2012

um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/11/COL

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til ákvæða 1. og 3. liðar B-liðar 4. mgr. og staflíðar b) í 5. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 4. lið hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum*) ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með vísan til ákvörðunar stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 68/12/COL um að veita valdbærum stjórnarmanni umboð til að samþykkja þessa ákvörðun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 1. mars 2011 tilkynnti norska matvælaeftirlitið („Mattilsynet“ í því sem hér fer á eftir) Eftirlitsstofnun EFTA um að það hefði felld landamæraskoðunarstöðina í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kóði NO BJJ 1) úr norskri skrá yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum eftir að miklar skemmdir urðu á skoðunarstöðinni í eldsvoða 28. janúar 2011. Mattilsynet benti á að vegna eldsvoðans gæti landamæraskoðunarstöðin ekki fullnægt lagalegum kröfum um fundarherbergi og um aðstöðu fyrir rannsóknarstofu og geymslur.

Viðurkenningin var felld úr gildi og upplýsingar í kjölfarið sendar Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 2. lið í I. kafla norskra laga, *Instruks om grensekontrollstasjoner* o.s.frv., en með þeim kemur 3. mgr. 6. gr. *tilskipunar ráðsins 97/78/EB* til framkvæmda, en samkvæmt henni skal lögbært landsyfirvald tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um breytingar á skoðunarstöð á landamærum eða skoðunarmiðstöð sem kunna að vera mikilvægar varðandi skrána í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 6. gr. *tilskipunar ráðsins 97/78/EB* skal Eftirlitsstofnun EFTA semja og birta skrá yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum, þ.m.t. tilvik þar sem viðurkenning hefur verið felld úr gildi tímabundið.

Eftirlitsstofnun EFTA breytti með ákvörðun 111/11/COL frá 11. apríl 2011 ⁽²⁾, skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum til að endurspeglar að landamæraskoðunarstöðin í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kóði NO BJJ 1) hefði verið felld úr norskri skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum og gaf út nýja skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 170, 30.6.2011, og EES-viðbætur nr. 36, 30.6.2011, bls. 39.

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 367/11/COL frá 30. nóvember 2011 var ákvörðun 111/11/COL því felld úr gildi ⁽³⁾, eftir sameiginlega skoðun með Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (FVO) á Íslandi til þess að rýmka þá flokka sem landamæraskoðunarstöðvarnar á Keflavíkflugvelli (IS KEF 4) og Reykjavík Eimskip (IS REY 1a) eru viðurkenndar fyrir.

Eftirlitsstofnun EFTA barst boð frá stjórnvöldum í Noregi 9. desember 2011 um að skoða nýju landamæraskoðunarstöðina í höfninni í Båtsfjord og afturkalla í kjölfarið tímabundna niðurfellingu landamæraskoðunarstöðvarinnar. Stjórnvöld í Noregi afhentu Eftirlitsstofnun EFTA viðbótarupplýsingar um áætlaðan byggingartíma og teikningu af nýju landamæraskoðunarstöðinni.

Eftirlitsstofnun EFTA skoðaði landamæraskoðunarstöðina í höfninni í Båtsfjord dagana 13. til 15. febrúar 2012. Á grundvelli athugasemda, sem voru gerðar í þeirri skoðun, er lagt til að tímabundin niðurfelling landamæraskoðunarstöðvarinnar í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kóði NO BJF 1) verði afturkölluð og að samþykkt verði ný skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 68/12/COL. Nefndin samþykkti einróma tillögur að breytingum á skránni. Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru þar af leiðandi í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis og lokatexti ráðstafananna er óbreyttur.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Landamæraskoðunarstöðin í höfninni í Båtsfjord (TRACES-kóði NO BJF 1) er ekki lengur felld úr skránni í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og sýnir skoðunarstöðvar á landamærum á Íslandi og í Noregi sem eru viðurkenndar til að annast heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/11/COL frá 30. nóvember 2011 fellur úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2012.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi og í Noregi.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 43, 16.2.2012, og EES-viðbætur nr. 9, 16.2.2012, bls. 43.

6. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 13. mars 2012.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

Stjórnarmaður

Xavier Lewis

Deildarstjóri laga- og umsýsludeildar

VIÐAUKI

Skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	IS AKU1	P		HC-T(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	IS HAF 1	P		HC(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Húsavík	IS HUS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	IS ISA1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	IS KEF 4	A		HC(2), NHC(2)	O(15)
Reykjavík Eimskip	IS REY 1a	P		HC(2), NHC(2)	
Reykjavík Samskip	IS REY 1b	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3), NHC-NT(2)(6)(16)	
Þorlákshöfn	IS THH1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	

Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	NO BRG 1	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord	NO BJF 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Egersund	NO EGE 1	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Florø EWOS	NO FRO 1	P		NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	NO HFT 1	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	NO HVG 1	P	Honningsvåg	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	NO KKN 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Kristiansund	NO KSU 1	P	Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3) HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Larvik	NO LAR 1	P		HC(2)	
Måløy	NO MAY 1	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Oslo	NO OSL 1	P		HC, NHC	
Oslo	NO OSL 4	A		HC, NHC	U,E,O
Sortland	NO SLX 1	P	Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	NO STS 3	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	NO TOS 1	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	NO VOS 1	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ålesund	NO AES 1	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(1)(2)(3), HC-NT(6), NHC-T(FR) (2)(3), NHC-NT(6)	

1 = Heiti**2 = TRACES-kóði****3 = Gerð**

- A = Flugvöllur
- F = Járnbraut
- P = Höfn
- R = Vegur

4 = Skoðunarmiðstöð**5 = Afurðir**

- HC = Allar afurðir til manneldis
- NHC = Aðrar afurðir
- NT = Engar kröfur um hitastig
- T = Frystar/kældar afurðir
- T(FR) = Frystar afurðir
- T(CH) = Kældar afurðir

6 = Lifandi dýr

- U = Höf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfê, geitur, villt og tamin hófdýr
- E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
- O = Önnur dýr

5-6 = Sérstakar athugasemdir

- (1) = Eftirlit í samræmi við kröfur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
- (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýraprótein
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljóttandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fóður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak Ungverjalandi: Hér er um að ræða landamærastöð (fyrir afurðir) og umferðarleið (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

Upplýsingar frá EFTA-rikinum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2012/EES/29/02

I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 6/2012/EMP	
EFTA-ríki	Noregur	
Úthlutunarstofnun	Heiti	Vinnu- og velferðarstofnun Noregs (NAV)
	Póstfang	Postboks 5, St. Olavs plass, 0130 Oslo, Norge
	Vefsetur	www.nav.no
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	(Forskrift om forsøk med funksjonsassistanse i arbeidslivet)	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	Reglugerð 1363/2011	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	http://www.lovdatab.no/for/sf/ad/xd-20111212-1363.html	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	X
Gildistími	Aðstoðarkerfi	Frá 1.1.2012 til 31.12.2013
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	X
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	X
	Stórfyrirtæki	X
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	U.þ.b. 30 milljónir NOK
	Veittar ábyrgðir	NOK ... (í milljónum)
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	X

II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki -viðbótaraðstoð í %
Aðstoð við starfsmenn sem standa höllum fæti og við fatlaða starfsmenn (40.-42. gr.)	Aðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar í tengslum við ráðningu starfsmanna sem standa höllum fæti (40. gr.)	...%	
	Aðstoð í formi styrkja vegna launakostnaðar í tengslum við ráðningu fatlaðra starfsmanna (41. gr.)	...%	
	Aðstoð til að bæta upp kostnaðarauka vegna ráðningar fatlaða starfsmanna (42. gr.)	Skjalfestur kostnaðarauki vegna aðstoðarmanns, í eitt ár í senn	

Upplýsingar frá EFTA-rikinum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2012/EES/29/03

I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 7/2012/ENV	
EFTA-ríki	Noregur	
Hérað	Heiti héraðs (NUTS) 3. þrep: Hörðaland	Staða með tilliti til byggðaaðstoðar: Blönduð svæði
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti	Osterfjord Næringsstarbæid, ved Industrikonulenten på Osterøy
	Póstfang	NO 5282 Lonevåg, Norge
	Vefsetur	www.rup.no leitid að „Osterfjord“
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Pilotprosjekt for å utløyse ei bioenerginæring i Hordaland (Tilraunaverkefni um uppbyggingu atvinnustarfsemi á sviði líforku á Hörðalandi).	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberra útgáfu lagaákvæðanna)	Fjármögnun frá fylkisþingi Hörðalands, bréf frá 20.12.2006, FK06-06. Tilvísunarnúmer: 200504724-16/3/AARN	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	http://www.rup.no/vision/vision1.aspx?hierarchyid=753&type=5	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Breyting á gildandi aðstoðarákvæðum	Nei	
	Framlenging	Frá 31.12.2011 til 31.12.2012
Gildistími	Aðstoðarkerfi	19.12.2008 til 31.12.2012
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	
	Takmarkað við tilteknar greinar – Tilgreina skal nánar í samræmi við NACE 2. endursk.	23. gr.: Orkuframleiðsla með endurnýjanlegum lífrænum orkugjöfum í eftirtöldum greinum: 35.113 Raforkuframleiðsla með brennslu lífildsneytis, sorps og haugass (35.113 Produksjon av elektrisitet fra biobrensel, avfallsforbrenning og deponigass) 35.3 Gufuhitunar- og lofræstikerfi (35.3 Damp- og varmtvannsforsyning) 15. gr.: engin framlenging
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	Já
	Stórfyrirtæki	Nei
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	Á fjögurra ára tímabilinu í heild, 2 milljónir NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	Já

II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki -viðbótaraðstoð í %
Aðstoð í umhverfisverndarskygni (17.-25. gr.)	Fjárfestingaraðstoð í umhverfisverndarskygni, veitt til að stuðla að orkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum (23. gr.)	45%	20% í litlum fyrirtækjum 10% í meðalstórum fyrirtækjum
	Aðstoð til rannsókna á sviði umhverfismála (24. gr.)	... %	
	Aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af umhverfissköttum (25. gr.)	... NOK	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/29/04

(mál COMP/M.6469 – Tognum/TMH/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem rússneska fyrirtækið JSC Transmashholding („TMH“), sem lýtur endanlegum yfirráðum franska fyrirtækisins Alstom Holdings („Alstom“) og hins rússneska Russian Railways („RZD“), og þýska fyrirtækið Tognum AG („Tognum“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu rússnesku fyrirtæki sem starfar sem sjálfstætt félag („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TMH: dísilvélaframleiðsla í Rússlandi, m.a., og útflutningur á tiltekna markaði
 - Tognum: þróun, hönnun, framleiðsla, sala og þjónusta við dísilvélar og knúningskerfi til margvíslegra nota, o.fl.
 - JV: mun þróa, framleiða og selja dísilvélar á rússneskum markaði og tilteknum útflutningsmörkuðum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 154, 31. maí 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6469 – Tognum/TMH/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6515 – Arrow Electronics/Altimate Group)

2012/EES/29/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Arrow Electronics Inc („Arrow“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Altimate Group S.A. („Altimate“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Arrow: heildsöluþreifing á rafeindaíhlutum um heim allan (m.a. hálfleiðurum og óvirkum, rafvélrænum vörum og samtengivörum) og gagnavinnslulausnum fyrir fyrirtæki (hugbúnaði og vélbúnaði, m.a. netþjónum og gagnageymsluvörum) og hliðarþjónusta við iðnaðar- og verslunarfyrirtæki
 - Altimate: heildsöluþreifing á hugbúnaði (einkum í tengslum við gagnaumsýslu, upplýsingatækniumsýslu, öryggis- og sýndarveruleikahugbúnað) og vélbúnaðarvörum (einkum netþjónum og gagnageymslubúnaði) og tengd þjónusta, aðallega á EES-svæðinu (einkum í Frakklandi, Portúgal, Spáni, Benelúx-löndum og Bretlandi)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 154, 31. maí 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6515 – Arrow Electronics/Altimate Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/29/06****(mál COMP/M.6517 – The Klesch Group/Arkema's Vinyl Products business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Klesch Group Limited, sem lýtur yfirláðum maltnesku samsteypunnar Klesch Group („Klesch Group“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í vinylvörudeild fyrirtækisins Arkema.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Klesch Group: olíuhreinsun og ál
 - Arkema's Vinyl Products business: framleiðsla á klór og klórafleiðum, vítissóða, pólývínýlklóríð (PVC) sem er skipt í fleyti-PVC og sviflausnar-PVC, rör, efnasambönd og snið
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 152, 30. maí 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6517 – The Klesch Group/Arkema's Vinyl Products business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6538 – Robert Bosch/SPX Service Solutions Business)

2012/EES/29/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Robert Bosch GmbH („Bosch“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þeirri einingu bandaríska fyrirtækisins SPX Corporation sem framleiðir tækjabúnað fyrir viðgerðarverkstæði. Sú eining nefnist SPX Service Solutions („SPX Service Solutions Business“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bosch: vörur og þjónusta fyrir vélknúin ökutæki og iðnað, neytendavörur og byggingartækni, einkum tækjabúnaður fyrir viðgerðarverkstæði fyrir milligöngu varahlutadeildar félagsins
 - SPX Service Solutions Business: tækjabúnaður fyrir viðgerðarverkstæði, svo og þjónustubúnaður fyrir framleiðendur loftræstikerfa og kælibúnaðar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 150, 26. maí 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6538 – Robert Bosch/SPX Service Solutions Business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/29/08****(mál COMP/M.6546 – Ericsson/Technicolor Broadcasting Services)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Telefonaktiebolaget LM Ericsson („Ericsson“) mun öðlast yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í útvarpsþjónustueiningum franska fyrirtækisins Technicolor SA („Technicolor“). Nánar tiltekið mun Ericsson, fyrir milligöngu dótturfélaga í einkaeigu Ericsson-samsteypunnar, eignast allt útgefið hlutafé og atkvæðisrétt í i) Technicolor Network Services France SAS, ii) Nederlands Omroepproductie Bedrijf NV, iii) Technicolor Broadcast Services UK Ltd, iv) Technicolor Network Services UK Ltd og v) Technicolor Distribution Services UK Ltd (einu nafni „Technicolor Broadcasting Services“)
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ericsson: alþjóðlegt fyrirtæki sem selur tækjabúnað, tækni og þjónustu til rekstraraðila farsíma- og fastlínufyrirtækja, m.a. fyrir 2G, 3G og 4G farsímatækni. Ericsson veitir einnig þjónustu við útvarps- og sjónvarpssendingar í Svíþjóð
